

59

12. maí

## AUGLÝSING

um framlengingu kjörskrár við alþingiskosningar 28. júní n. k. og styttingu fresta.

Samkvæmt heimild í 19., sbr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80 7. september 1942, er hér með mælt svo fyrir að auglýsingarfrestur sá, er getur í 2. málsg. 19. gr. laganna skuli falla niður við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 28. júní n. k. Enn fremur styttist frestur sá er getur í 1. mgr. 19. gr. laganna þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 6 vikum fyrir kjördag. Loks styttist tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, þannig að hann verður 3 vikur, sbr. 3. mgr. 19. gr. kosningalaganna.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. maí 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.

60

27. apríl

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

## I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.85 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir húðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 0.75 á m<sup>2</sup> á mán.

Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. .... — 0.30 - m<sup>2</sup> - —

## B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 0.65 hverja kwst., og auk þess fastagjald kr. 5.00 á mán. fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, telst sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

## C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 250.00, fyrir kw. í málraun véla.